

Fimmtudaginn 6. mars 1997.

Nr. 195/1996.

Sveinn H. Skúlason

(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

gegn

Sparisjóði Hafnarfjarðar

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

Skaðabætur. Víxlar. Ábyrgð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.739.489 krónur ásamt dráttarvöxtum af 2.053.389 krónum frá 27. júní 1995 til 4. ágúst sama árs, en af 2.739.489 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var Laxalón hf. í samfelldum viðskiptum við stefnda, þar til bú hlutafélagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 10. janúar 1991. Meðal annars hafði félagið fram til þess dags tvo tékkareikninga hjá stefnda, og varðar mál þetta annan þeirra, reikning nr. 16111. Tryggingarvígill sá, sem málsaðilar deila um, var afhentur stefnda 27. febrúar 1986 og var frá þeim tíma í vörslum stefnda, þar til hann var lagður fram í víxilmáli, er lauk með hæstaréttardómi, sem birtur er í H. 1995, 1319. Ekki er ágreiningur um, að víxlinum var ætlað að vera til tryggingar yfirdráttarskuld á nefndum hlaupareikningi, en deilt er um, hvers efnis samningur var um þá tryggingu.

II.

Áfrýjanda hefur ekki tekist að sanna, að umboð það, sem stefndi hafði samkvæmt meginreglum víxilréttar til að gera víxileyðublaðið að fullgildum víxli, hafi fallið niður 20. apríl 1986 eða verið tíma-

bundið á annan hátt. Áfrýjandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að heimild stefnda til að halda víxlinum sem tryggingu fyrir yfirdrætti hafi fallið niður við það, að Laxalón hf. lagði 800.000 krónur inn á tékkareikninginn 24. mars 1986, en eftir það var staða reikningsins jákvæð um skeið.

Samkvæmt framangreindu verður að leggja til grundvallar, að umrætt umboð stefnda hafi verið ótímabundið. Er því ekki hald í þeirri málsástæðu, sem áfrýjandi hélt fyrst fram fyrir Hæstarétti, að sá starfsmaður Laxalóns hf., sem annaðist að mestu dagleg viðskipti við stefnda, hafi ekki haft umboð til þess að láta viðgangast, að umdeildur víxill væri notaður til tryggingar skuldbindingum Laxalóns hf. eftir 20. apríl 1986.

Með vísun til þess, sem nú var rakið, verður ekki talið, að áfrýjandi eigi skaðabótakröfu á stefnda á grundvelli þess, að stefndi hafi farið út fyrir umboð sitt.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefnda hafi verið skylt að skrá afhendingardag víxilsins sem útgáfudag á víxileyðublaðið, en réttur stefnda hafi því átt að falla niður að ári liðnu. Telja verður, að áfrýjanda hefði verið í lófa lagið að hlutast til um, að eyður á blaðinu yrðu fylltar út, ef hann taldi, að skuldbindingin væri takmörkuð við ákveðið tímabil. Þykir þessi staðhæfing áfrýjanda ekki vera studd neinum haldbærum rökum.

Fallist er á niðurstöðu héraðsdóms um, að ákvæði 4. töluliðar 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda eigi ekki við um lögskipti málsaðila. Á sú mótbára áfrýjanda, að krafa stefnda sé fyrnd samkvæmt lagaákvæði þessu, því ekki við rök að styðjast.

Loks reisir áfrýjandi kröfu um sýknu á því, að meðferð stefnda á tryggingarvíxlinum hafi verið með þeim hætti, að telja megi ósanngarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig gagnvart áfrýjanda. Vísar áfrýjandi hér til 36. gr. og 36. gr. a. í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og ákvæðin hljóða eftir breytingar, sem gerðar voru með lögum nr. 11/1986 og 14/1995.

Ákvæði 36. gr. a. laga nr. 7/1936 verður ekki beitt hér þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjandi verður ekki talinn í stöðu neytanda í lögskiptum þeim, sem mál þetta er risið af.

Pótt stefndi hafi ekki hlutast til um, að gerður væri skriflegur samningur um, hvernig eða með hvaða skilyrðum mætti nota víxillinn sem tryggingu fyrir skuld á tékkareikningi nr. 16111, og telja verði, að stefndi hafi að því leyti ekki gætt fyllstu krafna, sem gera verður til lánastofnana um vandaða viðskiptahætti, þykja ekki efni til að beita hinu sérstaka heimildarákvæði í 36. gr. laga nr. 7/1936 til að víkja skuldbindingu áfrýjanda til hliðar.

Með þessum athugasemdum verður niðurstaða héraðsdóms staðfest.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. febrúar 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 28. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Gunnari Aðalsteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1039/95: Sveinn H. Skúlason gegn Sparisjóði Hafnarfjarðar.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar, var þingfest 19. september 1995.

Stefnandi er Sveinn H. Skúlason bankaútibússtjóri, kt. 100444-5189, Unufelli 10, Reykjavík, og stefndi Sparisjóður Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8 – 10, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 2.739.489 krónur, með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 af 2.053.389 krónum frá 27. 6. 1995 til 4. 8. 1995, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I.

Faðir stefnanda, Skúli Pálsson, stofnaði fiskeldisfyrirtækið Laxalón og rak til margra ára. Upp úr 1980 afhenti hann sonum sínum þremur, Ólafi, Skafta og stefnanda, Sveini, rekstur fyrirtækisins, og stofnuðu þeir með sér sameignarfélag. Hinn 10. janúar 1985 var stofnað samnefnt hlutafélag. Stofnendur voru auk stefnanda Skúli Pálsson, Sveinn Snorrason hrl., Laxalón sf. og Ólafur og Skafti Skúlasynir. Í stjórn voru kosnir Skúli Pálsson, stefnandi og Sveinn Snorrason sem formaður. Hélt þessi stjórn óbreytt til

5. júní 1990, er Sveinn Snorrason gekk úr henni og Skafti Skúlason tók sæti í aðalstjórn. Skúli Pálsson var þá kosinn formaður félagsstjórnar. Félagið var úrskurðað gjaldþrota 10. janúar 1991.

Laxalón hf. var í viðskiptum við stefnda, þegar hlutafélagið var stofnað. Vegna aukinna umsvifa félagsins var þess farið á leit við stefnda, að hann tæki fyrirtækið í afurðalánviðskipti. Ekki sá stefndi sér fært að verða við þeirri beiðni, og sneri Laxalón hf. sér annað, en hélt áfram tékkaviðskiptum sínum hjá stefnda. Í byrjun árs 1986 fór fyrirtækið formlega fram á yfirdráttarheimild á tékkareikningi sínum. Yfirdráttarheimildin var veitt, að fjárhæð 700.000 krónur, með bókun á stjórnarfundi í Sparisjóði Hafnarfjarðar 27. febrúar 1986 og sparisjóðsstjóra falin framkvæmd hennar. Til tryggingar þessum yfirdrætti lagði fyrirtækið fram tryggingarvísil, að fjárhæð 800.000 krónur. Var Laxalón hf. greiðandi, Hildur Haraldsdóttir prókúruhafi útgefandi og ábekingar Skúli Pálsson, Sveinn Snorrason og stefnandi. Víxillinn var óútfylltur, að því er varðaði útgáfudag og gjalddaga.

Heimildin var í fyrstu veitt til 20. 4. 1986. Hún var endurnýjuð í 10 daga 1. 12. 1986 til 10. 12. 1986, í 20 daga frá 1. 9. 1987 til 20. 9. 1987, í 68 daga frá 12. 4. 1989 til 20. 6. 1989, í 20 daga frá 30. 6. 1989 til 20. 7. 1989, í 40 daga frá 9. 8. 1989 til 20. 9. 1989, í 40 daga frá 9. 10. 1989 til 20. 11. 1989, í 25 daga frá 5. 1. 1990 til 31. 1. 1990 og loks í 90 daga frá 5. 2. 1990 til 5. 5. 1990. Til tryggingar yfirdráttarheimildinni lá víxillinn alltaf inni hjá stefnda. Stefnandi gaf víxilinn út, þegar reikningi var lokað 5. maí 1990, og hóf innheimtutilraunir. Gekkt dómur í héraði 9. febrúar 1993 og í Hæstarétti 11. maí 1995. Varnir stefnanda komust ekki að í víxilmálinu, og var hann dæmdur til greiðslu víxilsins. Gerði hann upp skuld sína við stefnda 27. júní 1995 með fyrirvara um skaðabótaskyldu stefnda, sbr. málsástæður stefnanda í þessu máli.

II.

Stefnandi heldur því í fyrsta lagi fram, að stefndi hafi bakað sér tjón með saknæmri og ólögumætri notkun víxileyðublaðsins, sem afhent var í febrúar 1986. Ekki hafi verið settur útgáfudagur eða gjalddagi á eyðublaðið, þar sem einn aðili, Sveinn Snorrason, hafi átt eftir að skrifa á það til viðbótar. Hann hafi verið síðasti ábekingur á víxileyðublaðinu og yfirdráttarheimild veitt tímabundið, þegar hann hafði skrifað á eyðublaðið 27. febrúar 1986. Fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um þá forsendu stefnanda og annarra, sem á eyðublaðið skrifuðu, að um tímabundna fyrirgreiðslu hafi verið að ræða.

Afhending víxileyðublaðsins til stefnda hafði falið í sér umboð til útfyllingar gjalddagans, ef ganga þyrfti að tryggingunni vegna yfirdráttarins. Hafi stofnast þannig tryggingar- eða ábyrgðarsamningur milli stefnda annars

vegar og þeirra aðila, sem á víxileyðublaðið skrifuðu, hins vegar. Eftir að greiðsla hafi borist fyrir afurðir Laxalóns hf. í mars, hafi yfirdrátturinn verið greiddur upp með innleggi á reikninginn 24. mars 1986. Eftir þann tíma hafi umboð stefnda til notkunar víxileyðublaðsins sem tryggingar fallið niður, enda efni umboðsins aðeins náð til tryggingar tímabundins yfirdráttar á tékkareikningnum. Tryggingarsamningur sá, sem stofnast hafi á milli stefnanda máls þessa og stefnda, hafi því verið niður fallinn við uppgreiðslu yfirdráttarins 24. mars 1986, og hafi stefnda þá borið að skila víxileyðublaðinu, enda forsendur brostnar fyrir frekari notkun þess. Yfirdráttur hafi verið veittur tímabundið í tvo mánuði í þetta skipti og átt að falla niður 20. apríl 1986. Þegar ný yfirdráttarheimild var veitt fyrirtækinu, hefði verið eðlilegt, að stefndi endurnýjaði umboð sitt til útfyllingar víxilsins.

Stefnandi rökstyður mál sitt í öðru lagi á því, að með áritun sinni á víxileyðublaðið og afhendingu þess til stefnda hafi hann gefið ábyrgðaryfirlýsingu, sem gildi að hámarki í fjögur ár, sbr. ákvæði fyrningarlaga, án tillits til forsendna aðila á því tímamarki, sem yfirlýsingin var gefin. Tryggingarsamningurinn, sem hafi stofnast með afhendingu víxileyðublaðsins, hafi verið tímabundinn miðað við forsendur hans. Stefnda hafi borið sem góðri og gegnri lánastofnun að fylla út réttan útgáfudag þegar við afhendingu víxileyðublaðsins 27. febrúar 1986. Fyrningartími víxils frá útgáfudegi gagnvart ábekingum sé eitt ár, og hafi þá víxilábyrgðin verið niður fallin 28. febrúar 1987. Þar sem þetta hafi ekki verið gert, verði að líta til hinna almennu ákvæða fyrningarlaga um ábyrgðaryfirlýsingar. Afhending víxileyðublaðsins hafi falið í sér umboð til stefnda til útfyllingar útgáfudags og gjalddaga. Ekki verði litið svo á, að það umboð hafi verið ótímabundið og endurnýjast sjálfkrafa í hvert sinn, sem veitt var ný yfirdráttarheimild á tékkareikningi Laxalóns hf. Ábyrgðaryfirlýsingin, sem í afhendingu víxileyðublaðsins hafi falist, fyrnist á fjórum árum samkvæmt ákvæðum fyrningarlaga. Afhending ábyrgðaryfirlýsingar í formi áritunar á víxileyðublaðið 27. febrúar 1986 hafi markað upphaf fyrningartímans, og því hafi ábyrgð stefnanda fyrnst endanlega 28. febrúar 1990.

Stefnandi bendir í þriðja lagi á, að notkun víxileyðublaðsins hafi verið ósanngjörn og andstæð góðri viðskiptavenju og brjóti í bága við 36. gr. samningalaga. Stefndi hafi haft yfirburðaaðstöðu til að kalla eftir tryggingum fyrir hugsanlegum viðskiptum sínum og útlánum til Laxalóns hf., eftir því sem þörf hafi krafið, og jafnframt að endurnýja þá samninga og þau umboð, sem þörf hafi verið á til að fylla út skjöl eða nota löggæringa. Aðstöðumunur aðila í þessum viðskiptum hafi verið gífurlegur, og gera verði þá kröfu til sparisjóða og annarra lánastofnana, að ekki sé gengið á rétt ein-

staklinga með notkun skjala á annan hátt en samkomulag hafi verið um. Lánastofnun, sem fylli út skjal og geri það að viðskiptabréfi, sem hafi sérstaka stöðu, verði að hafa gilt og skýrt umboð til þess. Ef vafi leiki á um, hvort um umboð sé að ræða og útfylling sé í samræmi við tryggingarsamning aðila, verði lánastofnunin að bera sönnunarbyrði fyrir því, að svo hafi verið. Ekki sé hægt að leggja þá sönnunarbyrði á skuldara, sem oftast séu varnarlausir gagnvart lánastofnuninni. Hún hafi tögl og hagldir í þessu efni og liggi oft og tíðum með ýmsa tryggingarpappíra og ábyrgðaryfirlýsingar, sem ákveðnar forsendur og skilyrði liggi á bak við.

Þá bendir stefnandi á, að stefndi hafi ekki lýst kröfu vegna víxilsins í þrotabú Laxalóns hf. Þess vegna hafi stefnandi ekki getað lýst endurkröfu sinni í búið.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

| | |
|---------------------------------------|------------------|
| Tjón vegna greiðslu kröfu skv. dómi | 2.053.389 krónur |
| Málsvarnarlaun vegna víxilmálsins | 250.000 krónur |
| Útlagður kostnaður vegna víxilmálsins | 86.100 krónur |
| Miskabótakrafa | 350.000 krónur |
| | <hr/> |
| Samtals | 2.739.489 krónur |

III.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að bótagrundvöll skorti í máli þessu. Stefnandi hafi sjálfur verið hluthafi og stjórnarmaður í Laxalóni hf. Hann hafi ásamt öðrum fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins gert samning við stefnda með áritun á víxilinn. Samkvæmt 10. gr. víxillaga nr. 93/1933 hafi stefndi haft umboð til að fylla út víxilinn, hvað varðar útgáfudag og gjalddaga. Stefnandi beri ábyrgð á, að víxilinn hafi verið afhentur í þessu formi, og samkvæmt þeim ákvæðum 10. gr. beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því, að umboðið hafi verið tímabundið. Þá beri stefnandi einnig ábyrgð á því sem stjórnarmaður fyrirtækisins, að það yfirdró reikninginn og að leitað var eftir framhaldi yfirdráttarheimildar og að víxilinn væri til tryggingar. Í ljósi þessa standist ekki sú fullyrðing stefnanda, að stefndi hafi bakað stefnanda tjón með sagnæmri og ólögmetri notkun víxileyðublaðsins.

Sú málsástæða stefnanda, að krafan sé fyrnd, standist ekki heldur. Stefnandi hafi haft heimild til að setja útgáfudag á víxilinn. Stefnandi hafi afhent stefnda víxilinn í því formi og gefið stefnda heimild til að fylla víxilinn út að þessu leyti. Umboðið hafi verið ótímabundið og ótakmarkað. Missi víxilréttar og frest til sýningar hans beri að telja frá raunverulegum útgáfudegi víxilsins 5. maí 1990. Því sé rangt, að sú ábyrgð, sem stefnandi tók á sig

með undirritun sinni á víxilinn, fýrnist á fjórum árum frá áritun hans á víxilinn. Aðalreglan sé samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, að fyrningarfrestur teljist frá þeim degi, er krafan verður gjaldkræf, sbr. 1. mgr. 5. gr. Eindagi kröfunnar ráði upphafi fyrningarfrests.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi brotið gegn 36. gr. samningalaga. Líta verði til þess, að stefnandi sé þrautreyndur bankamaður og hafi haft lögfræðing sér til aðstoðar.

IV.

Heimild til yfirdráttar á tékkareikningi er lánsform, sem hefur tíðkast lengi hjá bönkum og sparisjóðum. Tilgangurinn með þessu lánsformi er að jafna sveiflur hjá reikningshafa og brúa bil, þegar útgjöld verða meiri en tekjur. Algengt hefur verið, að víxlar hafi verið settir til tryggingar. Tryggingarvixill sá, sem um er deilt í málinu, var afhentur stefnda til tryggingar slíkum viðskiptum. Þessi eyðuvixill var óútfylltur, hvað varðaði útgáfudag og gjalddaga, og hafði stefndi heimild samkvæmt 10. gr. víxillaga nr. 93/1933 til að fylla í þær eyður. Í dómi Hæstaréttar 11. maí 1995 var víxillinn talinn formlega réttur og réttilega sýndur til greiðslu og stefnandi dæmdur til greiðslu hans. Efnislegar varnir komust hins vegar ekki að í víxilmálinu.

Skaðabótamál þetta styður stefnandi í fyrsta lagi því, að stefndi hafi farið út fyrir umboð sitt við útfyllingu víxilsins, í öðru lagi því, að kröfur stefnda hafi verið fyrndar, og í þriðja lagi því, að stefndi hafi brotið ákvæði 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 í viðskiptum aðila.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að víxillinn hafi verið settur sem trygging í eitt skipti fyrir tímabilið 27. febrúar 1986 til 20. apríl 1986. Eftir það hafi umboðið verið niður fallið og stefnda óheimil notkun víxilsins. Beðið hafi verið um tímabundna fyrirgreiðslu og skuldin síðan greidd upp. Fram kom hjá Sveini Snorrasyni og stefnanda fyrir dómi, að þeir hefðu ekki vitað af því, að fyrirtækið hefði haldið áfram viðskiptum við stefnda og óskað eftir framhaldi yfirdráttar. Hildur Haraldsdóttir var starfsmaður Laxalóns hf. og með prókúruumboð. Hún er eiginkona Ólafs Skúlasonar, sem var hluthafi og framkvæmdastjóri félagsins. Fram kom í yfirheyrslum, að hún sótti um framhald yfirdráttarheimilda. Taldi hún víst, að hún hefði gert stjórnarmönnum grein fyrir öllum bankaviðskiptum félagsins.

Ekki þykir skipta máli, eins og hér háttar, hvort Hildur hafði umboð stjórnar hverju sinni til að sækja um yfirdráttarheimild. Forsvarsmenn stefnda höfðu ekki ástæðu til að ætla annað en prókúruhafi fyrirtækisins hefði þessa heimild, enda um daglegan rekstur fyrirtækis að ræða. Hjá

stefnda lá tryggingarvixill, sem hafði ekki verið afturkallaður og var ekki takmörkunum háður. Mátti stefndi ætla, að hann stæði áfram sem trygging. Tékkaviðskipti Laxalóns hf. og stefnda höfðu staðið um hríð, þegar Laxalón hf. sótti formlega um yfirdráttarheimild. Yfirdráttarheimildin var veitt af stjórn sparisjóðsins og sparisjóðsstjóra falið að annast framkvæmd hennar. Ekki kom annað fram hjá stefnanda og öðrum, er rituðu nöfn sín á víxilinn, en um venjuleg langtíma viðskipti væri að ræða. Ef um skammtíma fyrirgreiðslu hefði verið að ræða, hefði annað lánsform verið nærtækara, t. d. víxill með útgáfudegi og gjalddaga, sem síðar hefði verið unnt að framlengja, ef þörf hefði verið á. Þessi víxill var hins vegar hinn dæmigerði tryggingarvixill vegna yfirdráttar, án útgáfudags og gjalddaga, ætlaður til langtíma viðskipta og með heimild til þess að breyta honum í víxilskuld samkvæmt 10. gr. víxillaga.

Þá ber einnig að líta til þess, að um fjölskyldufyrirtæki var að ræða. Bróðir stefnanda var framkvæmdastjóri félagsins og mágkona fjármála- stjóri og stefnandi í stjórn félagsins. Hann þykir því hafa haft öll tök á að fylgjast með fjármálum félagsins og gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð, sem hann gekkst undir með víxilskuldbindingunni, enda þá bankastarfsmaður með viðskiptareynslu.

Því verður talið, að forsvarsmenn stefndu hafi verið grandlausir um þá forsendu stefnanda, að um skammtíma ábyrgð væri að ræða. Stefndi þykir því ekki hafa farið út fyrir umboð sitt við útfyllingu víxilsins.

Stefnandi byggir á því, að með áritun sinni á víxileyðublaðið hafi hann gefið út ábyrgðaryfirlýsingu, sem fyrnist á fjórum árum samkvæmt ákvæðum fyrningarlaga. Stefnda hafi borið að setja útgáfudag á víxilinn, þegar hann var afhentur, og við þann dag beri að miða.

Ákvæði víxillaga um fyrningu ganga framur hinum almennu ákvæðum fyrningarlaga. Sá, sem afhendir víxil án útgáfudags og gjalddaga, veitir víxilhafa heimild til að fylla víxilinn út að þessu leyti. Í umboði stefnda fólst, að hann mátti, ef á reyndi, neyta þess úrræðis að breyta yfirdráttarskuldinni í víxilskuld á þeim tíma, sem heimild var útrunnin og reikningur í skuld. Umboðið var ótímabundið og ótakmarkað að þessu leyti.

Ósönnuð þykir sú málsástæða stefnanda, að notkun stefnda á víxileyðublaðinu hafi verið ósanngjörn og andstæð góðri viðskiptavenju og að hún brjóti í bága við 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 14/1995. Þykir nægilega fram komið í málinu, að stefndi fór í öllu að lögum og eftir tíðkanlegum venjum í bankaviðskiptum.

Stefnandi bendir enn fremur á, að þar sem stefndi hafi ekki lýst kröfu vegna víxilsins í þrotabú Laxalóns hf., hafi stefnandi ekki getað lýst endur-

kröfu sinni í búið. Með skírskotun til dóms Hæstaréttar 1994, bls. 1793, verður ekki fallist á þessa röksemd stefnanda, enda fékkst ekkert greitt upp í almennar kröfur við skiptalok 23. janúar 1995. Stefnandi hefur því ekki orðið fyrir tjóni af þessum sökum.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sparisjóður Hafnarfjarðar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sveins H. Skúlasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
